



Sérfræðingur og aðstoðarlæknir

Staða sérfræðings við sjúkrahúsið Vog er laus til umsóknar. Sérmenntun í geðlækningum, lyflækningum eða heimilislækningum æskileg. Einnig er laus staða deildarlæknis.

Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Tyrfingsson forstöðulæknir á staðnum eða í síma 824 7600. Umsóknir sendist SÁÁ Ármúla 18, 108 Reykjavík, merktar „læknir“.

Íbúð til leigu í París

50 fermetra íbúð til leigu í París frá 12. til 23. júní. Íbúðin er miðsvæðis og með öllum þægindum. Upplýsingar í síma 565-7642 e. kl. 18, netfang: raggalovdal@hotmail.com

Námskeið í stoðkerfisfræði að Reykjalundi dagana 28.-30. maí

Hálshryggur

Námskeið í stoðkerfisfræði (ortópedískri meðisín) verður haldið að Reykjalundi dagana 28.-30. maí 2004. Er þetta annað í röð fjögurra slíkra námskeiða. Aðalkennari verður sem fyrr Bernt Ersson læknir frá Gävle. Farið er í líffærafræði og líftækni (bíomekaník), en aðaláhersla verður lögð á meðferð. Á námskeiðinu verður farið í greiningu og meðferð vandamála í hálshrygg og verður stuðst við bók Bernts sem verður seld á niðursettu verði á námskeiðinu. Kennit verður á sænsku eða ensku eftir þörfum. Námskeiðin eru ætluð læknum og sjúkrapjálfurum en fjöldi þátttakenda verður takmarkaður og gert ráð fyrir að þeir sem fyrstir sækja gangi fyrir.

Upplýsingar og skráning á námskeiðin er hjá Magnúsi Ólasyni, lækni á Reykjalundi (s. 566 6200, magnuso@reykjalundur.is) og Óskari Reykdalssyni, lækni, heilbrigðisstofnuninni á Selfossi (s. 482 1300).

Frá Félagi íslenskra Lækna í Svíþjóð

UM ÁRAMÓTIN tók við ný stjórn FÍLÍS. Aðsetur hennar er í Lundi og samkvæmt venju starfar hún í tvö ár. Stjórnin hefur tekið við embættum af fráfarandi stjórn sem sat í Gautaborg. Embættisskipan er eftirfarandi: **Tómas Guðbjartsson** formaður (hjarta- og lungnaskurðeild), **Kristín Huld Haraldsdóttir**, ritari (skurðeild), **Hjálmar Bjartmarz** (heila- og taugaskurðeild), **Jóhannes Jóhannesson** meðstjórnandi (kvennadeild) og **Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi (háls-, nef- og eyrnadeild). Endurskoðendur eru **Anna Stefánsdóttir** (bækluvarskurðeild) og **Þorgerður Sigurðardóttir** (svæfinga- og gjörgæsludeild).

Allir stjórnarmenn eru starfandi við háskólasjúkrahúsið í Lundi nema Jóhannes sem starfar við háskólasjúkrahúsið í Malmö. Stjórnin fundar á tveggja mánaða fresti og oftast ef þurfa þykir. Eins og stendur bíða engin sérstök hitamál nýju stjórnarinnar. Áfram verður lögð áhersla á að kynna sérnámið í Svíþjóð og möguleika á rannsóknnum samhliða klínísku sérnámi. Fréttabréf er gefið út tvisvar til þrisvar á ári og símaskrá er send til allra félaga FÍLÍS. Þeim sem þurfa að hafa samband við FÍLÍS er bent á að hafa samband beint við formann eða ritara. Annars eru upplýsingar um sérnám í Svíþjóð að finna í nýlegri grein eftir undirrituð á heimasíðu Læknafélagsins.

Tómas Guðbjartsson formaður
Grönekatan 19B
222 24 Lund, Svíþjóð
tomasgudbjartsson@hotmail.com



Nýkjörin stjórn FÍLÍS: Jóhannes Jóhannesson, Hjálmar Bjartmarz, Kristín Huld Haraldsdóttir, Hákon Helgi Hallgrímsson „meðstjórnandi“, Ólafur Guðmundsson og Tómas Guðbjartsson.

Kristín Huld Haraldsdóttir ritari
Fågelhundsvägen 62,
226 53 Lund, Svíþjóð
kristinh@hotmail.com

Heimasíður og netföng

Læknafélag Íslands: www.lis.is
 Formaður LÍ: sigurbjorn.sveinsson@mjodd.hr.is/form@lis.is
 Framkvæmdastjóri LÍ: gunnar@lis.is
 Formaður LR: oskare@mac.com
 Formaður FÍH: elinborgb@simnet.is
 Formaður FUL: thorira@hotmail.com
 Félag íslenskra barnalækna: www.barnalaeknar.is
 Íslenska bæklunarlæknafélagið: www.iceort.org
 Félag íslenskra landsbyggðarlækna:
www.icemed.is/felog_laekna/fill.htm
 Félag sérfræðinga í meltingarsjúkdómum:
www.gastro.is
 FÍLÍB: p.matthiasson@iop.kcl.ac.uk
 FÍLÍN: www.vefur.is/filin • pjul@helse-bergen.no
 FÍLÍS: www.filis.nu
Thorarinn.Gudnason@hjl.gu.se
 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið: www.stjr.is/htr
 Landlæknisembættið: www.landlaeknir.is
 Tryggingastofnun ríkisins: www.tr.is
 Lyfjaeftirlit ríkisins: www.ler.is
 Lyfjastofnun: www.lyfjastofnun.is
 Nordiska hälsövardshögskolan: www.nhv.se
 Krabbameinsfélag Íslands: www.krabb.is
 Landspítali: www.landspitali.is
 Barnaspítali Hringins: www.landspitali.is/hringur
 HNE-deildin: www.hi.is/~hne
 Orðabanki Íslenskrar málstöðvar: www.ismal.hi.is/ob
 Ráðstefnur á netinu: www.docguide.com
 Golfklúbbur lækna: www.come.to/doctorgolf
 Medscape – vefrit um læknisfræði: www.medscape.com
 Norsk upplýsingasíða fyrir lækna:
www.legeforeningen.no
 Ugeskrift for læger: www.ugeskriftet.dk
 Tidsskrift for Den norske lægeforening:
www.tidsskriftet.no
tidsskriftet@legeforeningen.no
 Läkartidningen: www.lakartidningen.se
 NOMESKO: www.nom-nos.dk
 Norræna kóðunarmiðstöðin (Nordiskt Center för
 klassifikation av sjukdomar) í Uppsala
www.nordclass.uu.se
 World Organization of Family Doctors:
www.GlobalFamilyDoctor.com

Einingaverð og fleira

Heilsugæslueining	frá 1. janúar 2004	95,48
Eining fyrir sjálfstætt starfandi heimilislækna	frá 1. janúar 2003	57
Sérfræðieining fyrir klínískar greinar sem sömdu 1998	frá 1. janúar 2004	206

Heimilislæknasamningur

A liður 1	frá 1. janúar 2003	255.000
A liður 2	frá 1. janúar 2003	223.000
B liður	frá 1. janúar 2004	350.409
E liður 1-6	frá 1. janúar 2004	264
E liður 7	frá 1. janúar 2004	527

Skólaskoðun í framhaldsskólum

Miðað við fyrri forsendur	222
---------------------------	-----

Kílómetragjald frá 1. október 2003

Almennt gjald	56,50
Sérstakt gjald (utan malbiks +15%)	65,00

Dagpeningar frá 1. október 2003

Innanlands

Gisting og fæði í einn sólarhring	13.100
Gisting eina nótt	7.700
Fæði í heilan dag, minnst 10 klst.	5.400
Fæði í hálfan dag, minnst 6 klst.	2.700

Dagpeningar frá 1. júní 2003

Erlendis

	Gisting	Annað	SDR
<i>Almennir dagpeningar:</i>			
London, New York, Washington DC og Tókíó	145	110	255
Annars staðar	110	100	210

Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:

London, New York, Washington DC og Tókíó	93	70	163
Annars staðar	70	64	134

Ný stjórn meltingarlækna

Aðalfundur Félags sérfræðinga í meltingarsjúkdómum var haldinn 24. apríl síðastliðinn. Ný stjórn var kosin og skipa hana **Sigurbjörn Birgisson** formaður, **Guðmundur Ragnarsson** gjaldkeri og **Sunna Guðlaugsdóttir** ritari.

Heimasíða Læknablaðsins:
www.laeknabladid.is